

# AÐALFUNDUR SKIPTA HF. 2014

## FUNDARGERÐ

**Dags:** 3. apríl 2014  
**Staður:** Hilton Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík  
**Kl:** 10:00

### Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári
2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með tap félagsins á síðastliðnu reikningsári
4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa
5. Ákvörðun um greiðslu arðs
6. Kosning stjórnar félagsins
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarstofu
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar
9. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
10. Önnur mál löglega upp borin

Stjórnarformaður, Sigríður Hrólfsdóttir, setti aðalfund félagsins og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga hennar um að Hallmundur Albertsson, hdl., yrði skipaður fundarstjóri var samþykkt einróma. Fól stjórnarformaður skipuðum fundarstjóra stjórn fundarins. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Óskar Hauksson yrði kjörin fundarritari, sem var samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Til fundarins var boðað með auglýsingum í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu þann 19. mars sl. og í Viðskiptablaðinu þann 20. mars sl., innan tilsettra tímafresta skv. samþykktum félagsins. Fundarstjóri úrskurðaði í kjölfarið fundinn lögmetan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans eru.

Fundarstjóri upplýsti að á fundinn væru mættir 10 hluthafar og/eða umboðsmenn þeirra fyrir 3.742.041.525 hluti eða 38,7776% hlutfjár.

Gengið var til dagskrár.

### **1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári**

Formaður stjórnar, Sigríður Hrólfsdóttir, gerði grein fyrir starfi stjórnar á undangengnu starfsári félagsins.

Fundarstjóri upplýsti um breytta mætinu. Nú væru mættir 11 hluthafar og/eða umboðsmenn þeirra fyrir 7.440.267.185 hluti eða 77,1012% hlutfjár.

### **2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár**

Forstjóri Skipta hf., Orri Hauksson, gerði grein fyrir reikningi félagsins. Fram kom í máli forstjóra að ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er áritaður af stjórn og endurskoðanda.

Tillaga stjórnar um samþykkt ársreiknings félagsins var samþykkt.

### **3. Ákvörðun um hvernig skuli fara með tap félagsins á síðastliðnu reikningsári**

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um hvernig skyldi farið með tap félagsins. Tillagan er svohljóðandi:

*„Tap félagsins að fjárhæð 16.987 m.kr. skal fært til lækkunar á eigin fé félagsins.“*

Tillagan var samþykkt einróma.

### **4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins**

Fundarstjóri upplýsti að ekki hefðu borist neinar tillögum um breytingu á samþykktum félagsins.

### **5. Ákvörðun um greiðslu arðs**

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að ekki verði greiddur út arður til hluthafa. Svohljóðandi tillaga var samþykkt einróma á fundinum:

*"Stjórn félagsins gerir að tillögu sinni að aðalfundur haldinn 3. apríl 2014 samþykki að ekki verði greiddur út arður til hluthafa. "*

### **6. Kosning stjórnar og varamanna**

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í stjórn félagsins:

Heiðrún Jónsdóttir, kt. 090769-4649  
Helgi Magnússon, kt. 140149-4119  
Ingimundur Sigurpálsson, kt. 240951-4019  
Sigríður Hrólfsdóttir, 160167-4169  
Stefán Árni Auðólfsson, kt. 210772-4729

Þar sem fleiri gáfu ekki kost á sér til setu í stjórn voru ofangreindir aðilar sjálfkjörnir og þar með réttkjörnir til setu í stjórn Skipta hf.

Eftirtaldir gáfu kost á sér sem varamenn stjórnarmanna:

Elín Árnadóttir, kt. 110471-4599  
Hlín Kristín Þorkelsdóttir, kt. 260472-5269  
Jón G. Briem, kt. 291049-4049  
Sigrún Guðmundsdóttir, kt. 111069-3449  
Sverrir Ragnars Argrímsson, kt. 270356-5249

Þar sem fleiri gáfu ekki kost á sér sem varamenn voru ofangreindir aðilar sjálfkjörnir.

### **7. Kosning endurskoðunarstofu**

Eftirfarandi tillaga stjórnar um endurskoðunarstofu félagsins var samþykkt einróma:

*"Lagt er til að Deloitte hf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, verði endurkjörið endurskoðunarstofa Skipta hf. fyrir árið 2014."*

## **8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar**

Tillaga stjórnar:

*„Lagt er til að aðalfundur Skipta hf. haldinn 3. apríl 2014 samþykki að þóknun stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil verði svofelld: þóknun stjórnarformanns verði 600.000 kr. á mánuði, þóknun varaformanns 450.000 kr. og laun annarra stjórnarmanna skuli vera 300.000 kr. á mánuði. Þóknun varamanna skal vera 100.000 kr. fyrir hvern setinn fund. Þóknun fyrir setu í undirnefndum skal vera sem hér segir:*

*Endurskoðunarnefnd:*

*Formaður 150.000 kr. á mánuði*  
*Aðrir nefndarmenn 75.000 kr. á mánuði*

*Starfskjaranefnd:*

*Formaður 100.000 kr. á mánuði*  
*Aðrir nefndarmenn 50.000 kr. á mánuði*

*Skráningarnefnd:*

*Formaður 100.000 kr. á mánuði*  
*Aðrir nefndarmenn 50.000 kr. á mánuði*

Til máls tók Lýður Heiðar Gunnarsson frá Lífeyrissjóði verkfræðinga. Lagði hann fram eftirfarandi breytingartillögu:

*„Breytingartillaga vegna stjórnarlauna*

*Lífeyrissjóður verkfræðinga leggur fram svohljóðandi breytingartillögu:*

*Lagt er til að aðalfundur Skipta hf. haldinn 3. apríl 2014 samþykki að þóknun stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil verði óbreytt milli ára.*

*Þóknun fyrir setu í undirnefndum verði í samræmi við fyrirliggjandi tillögu stjórnar.”*

Orri Hauksson tók til máls og útskýrði tilurð tillögu stjórnar og færði rök fyrir tillögu að hækkun stjórnarlauna og hækkun launa fyrir störf í undirnefndum.

Til máls tók Helgi Magnússon stjórnarmaður í Skiptum hf. og fjallaði um tillögu stjórnar.

Greitt var atkvæði um breytingartillöguna sem var felld.

Greitt var athvæði um tillögu stjórnar sem var samþykkt með meirihluta atkvæða.

## **9. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins**

Stjórn lagði til að ný starfskjarastefna sem starfskjaranefnd hefur unnið að og stjórn samþykkti á fundi sínum 13. mars 2014 yrði samþykkt af hluthöfum félagsins. Tillögunni var dreift til hluthafa félagsins.

Tillagan var samþykkt einróma.

**10. Önnur mál.**

Ekki voru fleiri mál á dagskrá fundarins.

Fundargerð upplestin. Að því búnu var fundinum slitið kl. 11:17.

---

Fundarstjóri

---

Fundarritari